

Fyrstu kynni af Róm

Þessum stutta texta er ætlað að hjálpa þeim sem koma ókunnugir til Rómar með fyrstu kynnin af borginni eilífu – *la città eterna*. Með textanum fylgir yfirlitskort af miðborg Rómar, þar sem merkt eru með bókstöfum og strikum nokkur kennileiti sem ágætt getur verið að hafa í huga þegar maður byrjar að skoða borgina.

P **Piazza del Popolo** við norðurenda Via del Corso er skoðunarvert. Þar er mikill óbelisk (*steinsúla*) sem rómverjar stálu í austurlöndum. Reyndar er talsvert um slíka gripi í borginni. Við norðurenda torgsins er hinn forni borgarveggur Rómar og norðurhliðið inn í borgina. Austan við torgið er almenningsgarðurinn **Villa Borghese** sem er vinsælt útivistarsvæði.

Á kortið er dregið **rautt strik niður Via del Corso**, frá Piazza del Popolo að norðan að Kapítól-hæð í suðri. Þessi gata hefur á seinni öldum verið *Aðalstræti* Rómar og er ágætt kennileiti, því hún skiptir miðborginni í tvö dálítið ólík svæði. (Lengdin á þessu rauða striki er tæplega tveir kílómetrar eða rúmlega 20 mínútna hiklaus ganga.)

K **Kapítólhæð** við suðurenda Via del Corso er hinn forni miðpunktur Rómarríkis og nú aðsetur borgarstjórnar, lista- og sögusafns o.fl. (Á ítölsku heitir hæðin *Campidoglio*). Framan við hæðina var í lok 19. aldar reist risavaxið minnismerki um fyrsta konung sameinaðrar Ítalíu, Vittorio Emanuele II. Mörgum þykir það spilla þessum fornfræga stað.

Vestan við hæðina eru tvennar tröppur uppá hana. Vinstri tröppurnar eru eldri og liggja upp að kirkju heilagrar Maríu, en þær hægra megin eru eftir sjálfan Michelangelo og eru kallaðar **Cordonata**. Þær liggja uppá torgið sem er efst á þessari litlu hæð og kallast **Piazza del Campidoglio**, einnig hannað af Michelangelo. Sannarlega þess virði að skoða það.

Sé gengið þvert yfir torgið og niður sund á milli húsanna kemur maður á útsýnispall þar sem við blasa rústir **Forum Romanum**, *Rómartorgs*, og handan við það sést til **Colosseum** hringleikahússins. Ítalir nota reyndar ekki latneskar endingar á þessi staðarheiti; þeir segja Foro Romano, Fori Imperiali (*keisaratorgin*) og Colosseo. Að lokum má nefna að vinstra megin við tröppurnar uppá Kapítól hæðina eru leifar af rómversku fjölbýlishúsi frá keisara-tímanum sem mun hafa verið sex hæðir, en aðeins þær allra efstu standa nú upp úr jörðu.

S Austan við Via Del Corso er teiknaður **blár ferhyrningur**. Þarna eru á nokkrum samsíða götum flottustu tískuverslanir Rómar þar sem frægustu tískumerki heimsins er að finna. Við austurhlið ferningsins er torgið **Piazza di Spagna** og upp frá því liggja hinar frægu **spænsku tröppur** upp að kirkjunni Trinità dei Monti. Á spænska torginu er gosbrunnur, Fontana della Barcaccia, sem þýðir á íslensku *gosbrunnur bátskriflisins*. Hann er gerður af arkitektinum Bernini sem víða hefur sett sett svip á Róm – hann teiknaði t.d. Péturstorgið við Vatíkanið.

Frá spænska torginu að Piazza del Popolo liggur gatan Via del Babuino. Til hliðar við hana er til gamans dregið **grænt strik eftir Via Margutta**, sem er snotur gata. Thor Vilhjálmsson talar skemmtilega um þessa götu í ferðabók sinni *Regn á rykið*. Þar héldu til í gamla daga fyrirsætur listamanna og fleira lauslætisfólk.

Q Enn er ónefnt svæðið austan við **Via del Corso** og sunnan við **bláa ferninginn** á kortinu. Þar er meðal annars forsetahöllin **Quirinale**. Höllin var aðalaðsetur páfans áður en Ítalía var sameinuð og Róm hertekin, en þá flúði hann í Vatíkanið og kóngurinn og síðar forsetinn fluttu þarna inn. Á þessu svæði er margt að sjá, t.d. **Trevi-gosbrunnurinn** frægi (kastið pening í hann ef þið viljið tryggja að þið eigið afturkvæmt til Rómar) og þarna er iðandi mannlíf, mikið af smærri verslunum, litlum matstöðum og vasapjófum.

Vestan við **Via del Corso** er svæði sem afskaplega gaman er að reika um. Þetta hverfi er að miklu leiti orðið til eftir að Róm reis úr niðurlægingu sinni í lok miðalda, en þarna eru líka ævafornar byggingar. Við Via del Corso (u.þ.b. við mitt rauða strikið) er torg sem heitir **Piazza Colonna** eftir mikilli súlu sem gerð var til heiðurs Markúsi Árelíusi 180 e.Kr. Norðan við það torg stendur þinghúsið og þekkist af lögreglumönnunum sem þar standa vörð.

R Fyrst er að nefna **Pantheon**, hið mikla algyðishof frá tímum Rómarkeisara sem stendur við torgið Piazza della Rotonda, *torg hinnar kringlóttu*. Þarna eru konungar og frægustu listamenn Ítalíu grafnir. Á Sturlungaöld, þegar Sturla Sighvatsson gekk suður til Rómar til að gera yfirbót fyrir misgerðir sínar við Guðmund biskup góða, var hann leiddur berfættur milli höfuðkirkna og húðstrýktur við hverja þeirra – ein kirkjan mun hafa verið Pantheon. Yfir dyrunum stendur að húsið hafi látið gera Marcus Agrippa; sá var tengdasonur Ágústusar keisara, en byggingin var reyndar fullgerð af Hadríanusí keisara einni öld seinna.

N Eitt vinsælasta torg Rómarborgar er hið aflanga **Piazza Navona**, sumir hafa kallað það *samkomusal Rómarbúa*. Lögun torgsins stafar af því að það var í upphafi þaðreimur eða skeiðvöllur, en núverandi útlit er frá barokk tímanum og arkitektinn Bernini átti hér mikinn hlut að máli, hannaði meðal annars gosbrunnana. Hingað er alveg nauðsynlegt að koma og hér er mikið af veitingastöðum með útiborðum, en verðið er hátt fyrir heldur ómerkilegan mat. Ef maður er svangur en vill ekki borga okur þrís fyrir fulla máltíð, þá er betra að fara yfir í hverfið vestan við torgið (til dæmis gegnum götu á miðri vesturhlið torgsins). Þar er mikið af matstöðum sem bjóða ágætis mat á hóflegu verði, margir líflegir barir og allskyns litlar og skemmtilegar verslanir.

F Skammt sunnan við Piazza Navona er annað torg sem frægt er fyrir daglegan markað sem haldinn er fyrri hluta dags. Þetta er **Piazza Campo de' Fiori** – *Blómvallatorg*. Þarna lét kirkjan brenna á báli Giordano Bruno sem hélt því m.a. fram að stjörnurnar væru sennilega fjarlægjar sólar; stytta af honum stendur á torginu.

Næsta torg þar fyrir sunnan lætur minna yfir sér og heitir **Piazza Farnese**. Við suðurhlið þess er höllin Palazzo Farnese – fögur endurreisnarbygging. Það hús byggði Páll páfi III (af Farnese fjölskyldunni) og komu margir frægir að verkinu, kunnastur þeirra er Michelangelo. Franska sendiráðið hefur verið þarna til húsa frá sautjándu öld og fyrir óperu unnendur er fróðlegt að vita að í þessari höll gerist miðhluti óperunnar Tosca.

T Neðst á kortinu, vestan árinna, heitir **Trastevere** og þykir fjörugt hverfi. Áin Tíber heitir á ítölsku Tevere og Trastevere þýðir *Handan Tíber*. Til forna þegar borgarhliðum var lokað á kvöldin urðu aðkomumenn að dvelja Handan Tíber og væntanlega hafa íslendingar sem fóru í suðurgöngur flestir gist hér. Ein eyja er þarna í ánni og heitir **Tiberina**. Brúin út í hana að austan er elsta brú í Róm sem enn er í daglegri notkun; sú mun vera reist árið 69 f.Kr. Rétt neðan við eyna eru leifar af glæsilegri brú sem reist var tveimur öldum fyrr, en nú stendur aðeins hluti hennar eftir í fljótinu. Sú er kölluð **Ponte Rotto**, *ónýta brúin*.

V Vestan Tíber árinna er **Vatíkanið**. Péturskirkjan, Péturs-torgið framan við hana, Sixtínska kapellan og listasöfn páfagarðs eru meðal þess sem flesta fýsir að sjá og þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Þess má geta að Vatíkanið er sjálfstætt borgríki og mörgum finnst gaman að senda póstkort með frímerkjum og póststimpli páfagarðs, en þá þarf að gæta þess að póstleggja þau innan landamæra ríkisins.

